

Náttúrustofa Suðurlands. Fundargerð 7.maí 2012

Fundur í stjórn Náttúrustofu Suðurlands, 7.maí 2012 kl. 16:00.

Mættir: Halla Svavarsdóttir, Jóhanna Njálsdóttir, Rut Haraldsdóttir og Ingvar A. Sigurðsson.

1. mál: Ársreikningur Náttúrustofu Suðurlands kynntir og ræddir. Staðan mjög slæm. Skuld stofunnar við Vestmannaeyjabæ er tæpar 4 milljónir. Fjárframlög duga engan veginn til rekstrar, hvað þá til að greiða niður skuldir. Stjórnarformanni falið að ræða við bæinn um reksturinn og að bæinn taki yfir eignarhluta stofunnar í Strandvegi 50.

2. mál: Ársskýrsla lögð fram og kynnt. Margt skemmtilegt og merkilegt gert.

3. mál: Verkefni sumarsins. Haldið áfram með rannsóknir á lundastofninum, styrkur fékkst úr veiðikortasjóði fyrir hluta rannsókna. Áfram unnið að rannsóknum á farhátum skrofunnar. Stefnt að því að ljúka útvinnu vegna jarðfræðikortlagningar á Heimaey. Einnig verður fuglalíf í Dyrhólaey skoðað fyrir Umhverfisstofnun.

4. mál. Húsnæðismál rædd, kynnt drög að samningi vegna nýja húsnæðisins. Miðað við stöðuna í dag ræður Náttúrustofan ekki við húsaleiguna eins og hún er sett fram í drögunum.

5. mál. Rut og Ingvar ræddu við Pál Marvin (sjá 5. mál 10/10 2011). Tekið verður tillit þeirrar stöðu sem stofan er í.

Fundi slitið kl. 17:00

Rut Haraldsdóttir

Halla Svavarsdóttir

Jóhanna Njálsdóttir

Ingvar A. Sigurðsson